Til söngfélagsins "Bára" á Eyrarbakka.
Kvæði eftir Guðmund Guðmundsson, skólaskáld, orkt sumarið 1891.

Vísa eftir sama, orkt 15. júní 1904. 9.

3 blöð qto. Uppskrift Jóns Pálssonar.

Eyrarbakki



# Til söngfélagsins „Bára“ á Eyrarbakka.

(Lag: Var tyst, du trast, som klagar.)

1. Lát hljóm þinn, sönglist svífa
í sorglaus hjörtun ungu!
Lát hljóma helga hrífa
vorn hug, vorn anda og tungu,
til helgra himinsala,
til hafs, til fjalladala;
á vængjum hljóms oss hefðu,
og hjörtun lífga vor!

———

2. Ó, treyst þú trúna bjarta!
Ó, treyst þú von og yndi!
Lát harma-hismið svarta
eins hverfa og ryk í vindi!
Og snert þú hjartans strengi
og slá þú fast og lengi,
uns raddir hreinar hljóma
með helgum undra-klið!

———

3. Lát söng þinn svella, „Bára“,
og syng við hjartans ströndu;
um götu gleði og tára
send geisla vorri öndu!
Þér helgum vér vor hljóðin,

þér helgum vér vor ljóðin.
Svo syngjum, syngjum, syngjum,
er sól á Báru skín!

G. Guðmundsson stud. art. 1891.

Kvæði þetta orkti Guðm. Guðmundsson skáld, sumarið 1891, til söngfélagsins „Báru", þá er ég var kaupmaður það sumar að Skarði í Landi. Lagið við kvæðið er „Vår tyst, du trast som klagar", eftir G. Wennerberg, og sungum við það oft með mikilli hrifningu. Að vísu var Guðm. Guðmundsson þá eigi mikið farinn að iðka skáldskap og orkti hann kvæðið fyrir þrábeiðni mína, en þótt það væri að hans dómi þá „eigi mikill skáldskapur", eins og hann komst að orði, var það mikil hvatning fyrir okkur söngfélaga, að halda félaginu sem lengst við lýði, enda var þá mikið æft og sungið, oft opinberlega og við mikla aðsókn, ~~enda var~~ áheyrum óbilandi og söngkraftarnir með afbrigðum góðir.

Söngfélagið „Bára" stofnaði ég 1890, um haustið, en það lagðist niður vorið 1902, þá er ég fór af Eyrarbakka og hefir ekki risið upp síðan. Ljósmynd eina gamla, frá 1892, á ég af flestum söngfélagsmönnum, 30, en hún er svo máð, að þeir þekkjast naumast allir.

6. Sept. 1937.

[signature]

B - ~~62~~

Meðan dalablómin blá
blika' og sælir himins gljá,
vonir ala vorsins frá
við þig hjali blómin smá!

15/6-'04

Guðm. Guðmundsson, skáld.

Vísu þessa mun G. G. hafa orkt þennan dag, þá er hann var staddur á Eyrarbakka, og kvedið hana til húsmóður-innar „í Húsinu", frú Eugenie Nielsen.

Vísuna tók ég úr vísnabók- (Poesibog) frúarinnar, svo að hún gleymdist ekki.

6. Sept. 1937

[illegible]